

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. mars 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-39/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 20. maí 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notuðum vélsleða af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að vélsleðinn hafi verið haldinn galla við kaupin og krefst skaðabóta.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 3. júní 2020, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi skilaði inn andsvörum þann 18. júní 2019. Andsvör seljanda voru send álitsbeiðanda 19. júní 2019 og honum veittur kostur á að skila inn athugasemdum vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bærust athugasemdirnar 24. júní 2019. Seljanda var veittur kostur á frekari andsvörum og nýtti hann sér þá heimild. Frekari andsvör seljanda bærust þann 9. júlí 2019. Neftndinni bærust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 10. febrúar 2020, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi festi kaup á notuðum vélsleða, af gerðinni Polaris Pro 800, ekinn 4.934 km, af seljanda þann 15. september 2018. Vélsleðinn var auglýstur til sölu á samfélagsmiðlinum facebook. Álitsbeiðandi greiddi 460.000 krónur fyrir vélsleðann ásamt afhendingu á öðrum vélsleða af gerðinni Polaris IQ 600.

Í samskiptum milli álitsbeiðanda og seljanda fyrir kaupin sagði seljandi að nýlega hafi verið skipt um stimpla og hafi vélsleðanum verið ekið um 400 km eftir það. Þá var einnig nýr sveifarás í vélsleðanum því stangarlega í sveifarásnum hafði gefið sig. Að sögn seljanda hafði vélsleðanum verið ekið um 40 km frá þeirri viðgerð, sem var framkvæmd af Cobolt verkstæði. Álitsbeiðandi kvaðst í samtali við seljanda vona að mótör vélsleðans væri kominn í gott stand eftir þessar viðgerðir og svaraði seljandi að mótörinn „virðist vera í góðu búíð að keyra 60 km síðan hann var tekinn í gegn topp inntak“. Þá sagðist seljandi hafa átt vélsleðann í tvö ár og ekið honum um 500 km alls.

Þegar álitsbeiðandi hafði ekið vélsleðanum um 105 km bilaði mótör vélsleðans með þeim hætti að stangarlega á sveifarás í mótör gaf sig, stimpill eyðilagðist og sveifarhúsið brotnaði. Bilunin var sú sama og hafði áður verið löguð á verkstæði en vélsleðanum hafði í heild verið ekið um 165 km frá þeirri viðgerð.

Álitsbeiðandi hafði samband við seljanda sem benti honum á að hafa samband við verkstæðið sem framkvæmdi viðgerðina. Álitsbeiðandi fékk þá þær upplýsingar að verkstæðið væri ekki viðgerðaraðili heldur hafi starfsmaður verkstæðisins framkvæmt viðgerðina sjálfur, en starfsmaðurinn er bróðir seljanda.

Að sögn álitsbeiðanda var blekkingum beitt af hálfu seljanda við kaupin með upplýsingum um verkstæðisábyrgð viðgerðar og áreiðanleika hennar. Kaupverðið miðaði að sögn álitsbeiðanda við talsvert endurnýjaðan mótör. Eftir skoðun kom hins vegar í ljós að

smurdæla vélsleðans virkar ekki eðlilega þar sem olía fer ekki til beggja hliða vélarinnar vegna stíflu í smurgangi. Smurdælan hefur því valdið skemmdum á tveimur sveifarásum en álitsbeiðandi telur að seljandi hafi átt að skipta henni út í upphaflegri viðgerð þegar vélsleðinn bilaði. Eftirfarandi íhluti þarf að skipta um í vélsleðanum og er kostnaður þessi að sögn álitsbeiðanda:

Sveifarás – 376.000 krónur hjá umboði.  
Stimplar – 108.000 krónur hjá umboði.  
Sveifarhús og smurdælu – 50.000 krónur keypt notað.

Álitsbeiðandi telur að vélsleðinn hafi verið haldinn galla við kaupin og krefst skaðabóta að fjárhæð 534.000 krónur.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum tekur seljandi fram að vélsleðinn hafi verið sjö ára á kaupdegi og því geti bilanir gert vart við sig. Seljandi bendir á að vélsleðinn sem hann fékk frá álitsbeiðanda hafi einnig bilað og er viðgerðarkostnaður yfir 200.000 krónur. Þar sem um gamlan vélsleða er að ræða kveðst seljandi ekki hafa kvartað yfir biluninni við álitsbeiðanda.

Vélsleðinn bilaði þegar hann var í eigu seljanda og var þá skipt um sveifarás og reddventla. Rúmlega eitt var var liðið frá seinustu viðgerð þegar vélsleðinn bilaði að nýju en seljandi segir að vélsleðinn hafi verið í góðu lagi við sölu.

Seljandi bendir á að bilun vélsleðans geti stafað af óvarlegri notkun álitsbeiðanda. Hefur hann lagt fram mynd af mótör vélsleðans, sem hann kveðst hafa fengið á facebook þar sem sjá má sprungu í mótornum. Að mati seljanda stafaði bilun vélsleðans ekki aðeins af því að lega gaf sig heldur hefur annað og meira gengið á sem olli því að mótörinn brotnaði. Þá segir seljandi að vélsleðinn hafi greinilega „verið búin að hita sig mikið áður og verið á mkilum snúning þegar þetta skeður, greinilega böðlagangur þarna á ferð“. Seljandi bendir einnig á að álitsbeiðandi tók vélsleðann í sundur og framkvæmdi viðgerð án þess að gefa seljanda færi á að skoða málið. Seljandi hafnar því kröfu álitsbeiðanda.

#### V

##### Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum bendir álitsbeiðandi á að ending sveifaráss vélsleðans hafi verið mun styttri en gera megi kröfu um. Telur álitsbeiðandi óeðlilegt að hann hafi gefið sig tvisvar og bendir á að vélsleðinn sem seljandi fékk frá álitsbeiðanda sé eldri, meira ekinn, með sambærilegan sveifarás og smurkerfi. Sveifarás þess vélsleða hafi þó aldrei bilað. Þá segir álitsbeiðandi að hann hafi borgað „450 þ.kr. fyrir að fá meint topp inntak í staðin fyrir mína druslu sem ég reyndi ekkert mikið að fegra. td. upplýsti hann um rafsoðið stýri og slit í stýrisliðum...“.

Álitsbeiðandi bendir á að hann og þrír aðrir hafi verið í vélsleðaferð þegar bilunin kom upp og voru allir á sleðum með eins mótora, fóru sömu leið og á sama hraða. Vélsleði álitsbeiðanda var sá eini sem bilaði og kveðst álitsbeiðandi aldrei hafa heyrt um að hægt sé að brjóta mótör innanfrá með aksturslagi. Álitsbeiðandi segir að bilun vélsleðans sé ekki að rekja til notkunar og bendir á að seljandi geti ekki skynjað hitastigsferil á áli með því að skoða ljósmynd.

Þá segir álitsbeiðandi að ef „þessi handhömm í viðgerð eða hvað menn vilja kalla það sem varð til þess að meintur nýr varahlutur entist ekki nema 165 km. skapar ekki bótaskyldu af hálfu seljanda eftir yfirlýsingar hans varðandi þessa viðgerð í aðdraganda viðskipta þá þykir mér það mjög ósanngjarn úrskurður.“

## VI

### Frekari andsvör seljanda

Í frekari athugasemdum sínum segir seljandi að ekki sé hægt að bera saman mótor á sleðanum sem álitseiddandi átti áður og sleðanum sem álitseiddandi keypti af seljanda enda sé mótor nýja sleðans mun viðkvæmari. Seljandi tekur fram að vélsleðinn hafi fengið fullnægjandi viðhald af fagaðilum og kveðst þekkja dæmi þess að sveifarás gefi sig eftir aðeins 1.000 km akstur. Seljandi segir fagaðila telja ólíklegt að skemmdir, sambærilegar þeim sem urðu á mótor umþrætts vélsleða, geti komið til þegar lega gefur sig. Seljandi bendir á að það hafi ekki gerst þegar vélsleðinn bilaði í eigu seljanda.

## VII

### Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitseiddandi vélsleða af gerðinni Polaris Pro 800 af seljanda þann 15. september 2018. Samkvæmt gögnum málsins greiddi álitseiddandi 460.000 krónur fyrir vélsleðann ásamt því að afhenda seljanda vélsleða í sinni eigu af gerðinni Polaris IQ 600. Um átta mánuðum fyrir kaupin, í janúar 2018, hafði seljandi látið skipta um sveifarás í vélsleðanum því stangarlega hafði gefið sig. Í aðdraganda kaupanna sagði seljandi að viðgerðin hafi farið fram á tilteknu verkstæði. Um það bil einu ári frá viðgerð, eftir um 165 km akstur, bilaði vélsleðinn aftur, þannig að stangarlega í sveifarás gaf sig, stimpill eyðilagðist og sveifarhúsið brotnaði. Álitseiddandi hafði samband við verkstæðið sem seljandi sagði hafa framkvæmt viðgerðina og fékk þær upplýsingar að viðgerðin hafi ekki farið fram á verkstæðinu. Starfsmaður eða eigandi verkstæðisins framkvæmdi viðgerðina í frítíma sínum en hann er bróðir seljanda. Álitseiddandi telur að vélsleðinn hafi verið haldinn galla við kaupin og krefst þess að seljandi greiði sér 534.000 krónur í skaðabætur vegna viðgerðarkostnaðar.

Kærunevndin álitur að við mat á því hvort vélsleðinn hafi verið haldinn galla við kaupin beri að líta til 17. og 18. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkpl.). Ákvæðin eru svohljóðandi:

#### **17. gr. Eiginleikar söluhlutar.**

Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
- c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
- d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.

...

Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr.

**18. gr. Upplýsingar um eiginleika eða notkun.**

Reglur um galla gilda einnig þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin.

Regla 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hvorki vissi né mátti vita að upplýsingarnar voru gefnar.

Reglur 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar upplýsingarnar eru leiðréttar á skýran og skilmerkilegan hátt og með nægum fyrirvara.

Þá segir í 1. mgr. 20. gr. lkpl. að kaupandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Ef kaupandi hefur rannsakað söluhlut fyrir kaupin eða án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig sem galla þau atriði sem hann hefði mátt sjá við skoðun, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans hefur að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Af álitsbeiðni verður ráðið að álitsbeiðandi telji vélsleðann hafa verið haldinn galla við kaupin m.a. sökum rangra upplýsinga frá seljanda um viðgerðaraðila. Í málinu hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna fram á að viðgerð vélsleðans í janúar 2018 hafi verið ófullnægjandi eða valdið tjóni, þrátt fyrir skamman endingartíma nýrrar stangarlegu. Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta bilanagreiningu vélsleðans og hvort bilunina megj rekja til fyrri viðgerðar. Kærunefndin telur sér ekki fært að líta svo á að vélsleðinn hafi verið gallaður af þeirri ástæðu að starfsmaður eða eigandi verkstæðisins hafi framkvæmt viðgerðina utan vinnutíma.

Í gögnum málsins er ekki að finna auglýsingu seljanda á vélsleðanum sem varð grundvöllur að kaupunum. Samskipti milli álitsbeiðanda og seljanda í aðdraganda kaupanna hafa verið lögð fram. Þar segir seljandi m.a. að vélsleðinn sé „topp inntak“ og að mótorinn „virðist vera í góðu“ lagi. Kærunefndin telur að almenn yfirlýsing, líkt og að um topp eintak sé að ræða, geti ekki talist ábyrgðaryfirlýsing um ástand hans. Þá verður ekki séð að seljandi hafi fullyrt að mótór vélsleðans væri í lagi eftir viðgerðina heldur taldi hann svo vera. Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa getur samkvæmt framangreindu ekki fallist á það að vélsleðinn hafi verið haldinn galla á þeim grundvelli að hann hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hann, sbr. 1. mgr. 18. gr. lkpl. Verður einnig að líta til þess að reglur um upplýsingaskyldu og upplýsingagjöf seljanda ber að skoða með hliðsjón af rannsóknarskyldu kaupanda, sbr. 20. gr. lkpl.

Kærunefndin álitur að þær upplýsingar sem seljandi gaf um viðgerðir á vélsleðanum hafi gefið álitsbeiðanda tilefni til að skoða vélsleðann ítarlega fyrir kaupin. Með hliðsjón af aldri vélsleðans og upplýsingum frá seljanda mátti álitsbeiðandi jafnframt gera ráð fyrir því að vélsleðinn gæti bilað eftir kaupin og þörf væri á reglulegu viðhaldi.

Þegar litið er til aldurs vélsleðans, samskipta aðila fyrir kaupin og þeirra gagna sem hafa verið lögð fram í málinu, telur kærunefndin sér ekki unnt að fallast á að vélsleðinn hafi verið haldinn leyndum galla við kaupin sem leiði til skaðabótaskyldu seljanda.

Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

**VIII**  
**Álitsorð**

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson